

8.tbl.

16.mars.2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Tónkvíslin 2022

19. mars
Íþróttahúsið á Laugum

Húsið opnar 18:00



Keppnin hefst 19:00



Miðinn kostar
3000 kr fyrir 16+
1500 kr fyrir 12+
Frítt fyrir 11 ára og yngri

Miðar fást á staðnum



Styrktaraðilar



MOTUL



Þingeyjarsveit

Fundargerð



315. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Félagsheimilinu Breiðumýri, fimmtudaginn 3. mars 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Einar Kristjánsson, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson, Dagbjört Jónsdóttir og Margrét Sólveig Snorradóttir.

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Landsvirkjun: Koldís - 2202024

Kynning frá Landsvirkjun á verkefninu Koldís sem snýst um aðferðir og áætlanir við samdrátt og losun koldíoxíðs og brennisteinsvetni frá Þeistareykjastöð. Axel Valur Birgisson og Bjarni Pálsson frá Landsvirkjun kynntu verkefnið fyrir sveitarstjórn í gegnum fjarfundarbúnað.

Sveitarstjórn þakkar fyrir góða kynningu á áhugaverðu verkefni.

2. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerð - 1804018

Lögð fram fundargerð 145. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 10.02.2022. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fimm liðum. 2. liður fundargerðar; Vegagerðin, ný lega Norðausturvegar 85-02 um Skjálfafljót í Kinn - 1808035

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og samþykkir að áætluð veglína Norðausturvegar 85-02 verði sett inn í vinnslutilögu að nýju aðalskipulagi. Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulags- og umhverfisnefndar um að bæta skuli inn tengingu við Útkinnarveg í samræmi við þau gögn sem áður hafi legið til kynningar.

3. liður fundargerðar; Hólsvirkjun - Beiðni um breytingu á aðalskipulagi - 2202001

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010 og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

3. Sveitarstjórnarkosningar 2022: Yfirkjörstjórn - 220209

Frestað til næsta fundar.

Samþykkt samhljóða.

4. Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses.: Beiðni um ábyrgð - 2202025

Fyrir liggur beiðni frá framkvæmdastjóra Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. (LÞ), dags. 21.02.2022 um ábyrgð vegna kaupa á tveimur almennum íbúðum. Óskað er eftir að sveitarfélagið gangist tímabundið í ábyrgð vegna fjármögnunar á kaupum tveggja almennra íbúða í fjölbýlishúsi sem er að rísa við Lautaveg 10 á Laugum. Fyrirliggja tveir kaupsamningar dags. 09-09.02.2022. Um er að ræða sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttar sem LÞ tekur hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga til þess að inna af hendi áfangaskipta greiðslu kaupverðs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða beiðnina og felur sveitarstjóra að skrifa undir fyrirliggjandi sjálfskuldarábyrgð.

5. SSNE: Tilnefning fulltrúa í starfshóp um samgöngu- og innviðastefnu - 220206

Lagt fram erindi frá Eypóri Björnssyni f.h. SSNE, dags. 13.02.2022. Óskað er eftir tilnefningu eins sameiginlegs fulltrúa frá Þingeyjarsveit og Skúta- staðahreppi í starfshópinn. Tilnefna skal bæði karl og konu, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Jónu Björgu Hlökkversdóttur í starfshópinn fyrir sitt leyti.

6. SSNE: Kostnaðarþátttaka í endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi - 220207

Lagt fram erindi frá Eypóri Björnssyni f.h. SSNE, dags. 11.02.2022. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026 er til endurskoðunar. Áætlunin byggir á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og í 6. gr. segir:

„Sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skal semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir,“

Óskað er eftir því að Þingeyjarsveit taki þátt í kostnaði að fjárhæð kr. 81.301 án vsk.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í kostnaði við endurskoðunina að fjárhæð kr. 81.301 án vsk. Fjárhæð rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar 2022.

7. Í átt að hringrásarhagkerfi - 220208

Á síðasta ári gaf þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra út stefnu í úrgangsmálum er ber nafnið Í átt að hringrásarhagkerfi. Markmiðið er að það

myndist lokað efnahagslegt kerfi þar sem hráefni fer í endurvinnslu og sem minnst skili sér til endanlegrar förgunar með urðun eða brennslu.

Einnig samþykkti Alþingi breytingar á ýmsum lögum varðandi úrgangsmál til stuðnings innleiðingar hringrásarhagkerfisins sem taka gildi 1. janúar 2023. Breytingarnar munu m.a. hafa áhrif á hirðu úrgangs, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, staðsetningu og merkingu íláta og innheimtu gjalda af einstaklingum og lögaðilum fyrir meðhöndlun úrgangs. Að auki mun framleiðendaábyrgð ná yfir fleiri úrgangsflokka og standa að hluta undir þeim kostnaði sem sveitarfélög standa undir í dag.
Lagt fram til umræðu.

8. Friðlýsing hraunhella í Þeistareykjahrauni - 2112013

Starfshópur um friðlýsingu hella í Þeistareykjahrauni hefur farið yfir umsögn og athugasemdir sem bárust eftir kynningartíma áforma um friðlýsinguna. Lögð fram vinnugögn frá starfshópnum um breytta afmörkun svæðisins til samþykktar en Þeistareykjajörðin er í eigu Þingeyjarsveitar. *Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir og samþykkir breytta afmörkun svæðisins.*

9. Landsbyggðar hses. - 2202012

Tekið fyrir öðru sinni fyrirhuguð stofnun húsnæðissjálfseignarstofnunar (hses) fyrir landsbyggðina en sveitarstjórn vísaði erindinu til Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses til frekari skoðunar. *Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Þingeyjarsveit gerist stofnaðili að húsnæðissjálfseignarstofnuninni Brák.*

10. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE): Fundargerðir - 2002017

Fundargerð 34. og 35. fundar SSNE.
Lagðar fram til kynningar.

11. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar: Fundargerð - 2109007

Fundargerð 6. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Skútustaða-hrepps og Þingeyjarsveitar.
Lögð fram til kynningar.

12. Héraðsnefnd Þingeyinga: Fundargerð - 1804023

Fundargerð 28. fundar framkvæmdastjórnar HNP bs.
Lögð fram til kynningar.

13. Vatnajökulspjóðgarður: Fundargerð - 1810004

Fundargerð 87. fundar svæðisráðs norðursvæðis VJÞ.
Lögð fram til kynningar.



Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. - Almennar leiguíbúðir

Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. auglýsir til umsóknar íbúð í almenna íbúðaleigukerfinu.

Um er að ræða þriggja herbergja íbúð, byggð 2021, um 80 m² að stærð, við Melgötu 6b við Stórutjarnaskóla. Íbúðin verður laus frá undirritun leigusamnings.

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Uppfylla kröfur um tekjuviðmið skv. 10. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016.
- Þúa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu eða öryggisleysi í húsnæðismálum.
- Hafa ekki möguleika á að kaupa eigin húsnæði og/ eða leigja á almennum leigumarkaði án sérstakrar aðstoðar.

Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. forgangsraðar umsóknum eftir aðstæðum umsækjenda.

Frekari upplýsingar um forgangsroðun, tekju- og eignamörk má finna í frétt dags. 18.2.2022 á heimasíðu sveitarfélagsins eða í reglugerð 183/2020 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsveignarstofnanir og almennar íbúðir.

Umsóknir um leigu almennra íbúða skulu berst rafrænt á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna má á heimasíðu Þingeyjarsveitar undir „Eyðublöð“. **Með umsóku skal fylgja afrit af skattframtali síðasta árs og afrit af þremur síðustu launaseðlum umsækjanda.**

Stjórn Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. úthlutar íbúðinni eftir að farið hefur verið farið yfir allar umsóknir. Almennum íbúðum er úthlutað samkvæmt forgangsroðun Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. og á grundvelli sérstakrar stigagjafar.

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2022.

Rafrænt umsóknareyðublað er að finna á slóðinni:

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/eydublod/umsokn-um-almenna-leiguibud>

Fyrirspurnir berist á netfangið tryggvi@skutustadahreppur.is eða í síma 464 3322.

KJÓSENDUR Í

Þingeyjarsveit og Skútustaðarhreppi

Hópur fólks úr öllum byggðum þessara sveitafélaga telur mikilvægt að það sé val um lista til sveitarstjórnarkosninga í maí n.k.

Hópurinn boðar til fundar í Þorgeirskirkju
sunnudaginn 20. mars kl. 20:00

Rætt verður um stofnun framboðs til sveitastjórnar á
breiðum grundvelli.

Undirbúningsnefnd.



HÚSASMÍÐJAN

Söluskrifstofa á Húsavík

Jón Þormóðsson, söluráðgjafi: 664 3659

Netfang: nonnith@husa.is

Afgreiðslutími

Virka daga: 08:00-12:00



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing	kr. 3.990– m.vsk
heilsíðuauglýsing	kr. 5.500.m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir
s. 8953386



Deildarfundur Þingeyjardeildar
verður haldinn mánudaginn 28. mars kl. 20:00
á Fosshótel Húsavík
Á fundinum verða venjuleg aðalfundarstörf
samkvæmt samþykktum um störf deilda félagsins

Deildarstjórnin

Málarameistari

Kristján Jónsson löggildur málarameistari
er fluttur á Litluvelli Bárðardal.

Endilega hafðu samband í síma 8610006
(5873157) eða kiddijons63@gmail.com
ef þú þarft að láta mála hjá þér.

Bíð spenntur að heyra frá þér.